

Nd.

47. Nefndarálit

[8. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt, sbr. lög nr. 7/1963, lög nr. 76/1967 og lög nr. 10/1974 um skattkerfisbreytingu.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fjárhags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um frumvarpið á einum fundi og hefur ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess.

Undirritaðir í minni hluta fjárhags- og viðskiptanefndar benda á þær upplýsingar, sem fyrir liggja frá 11. ágúst s. l. um stöðu ríkissjóðs. Í þeim upplýsingum er gert ráð fyrir, að halli ríkissjóðs verði kr. 400 milljónir. Þessar upplýsingar hafa ekki verið vefngdar. Sú ákvörðun núverandi ríkisstjórnar að fara í svo harkalega skattheimtu sem 2 stiga hækkun söluskatts er til lausnar ekki stærri vanda en þeim, sem hér um ræðir og það tímabundnum vanda, verður að teljast í alla staði óeðlileg.

Enginn vafi er á því, að tekjuaukning ríkissjóðs vegna 17% gengisfellingarinnar, sem nýverið var ákveðin verður mun meiri en gert er ráð fyrir í þeim upplýsingum, sem áður er vitnað til eða a. m. k. 300 milljónir meiri en þar er gert ráð fyrir og er af því enn ljósara hversu fráleit sú skattheimta er, sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hefur ekki fengist upplýst hvaða ráðstafanir ríkisstjórnin hyggst gera í sambandi við bætur til láglaunafólks, niðurgreiðslur á vöruverði, hækkun fjölskyldubóta, hækkun tryggingabóta og fiskverðsákvörðun. Meðan ekkert fæst upplýst um ákvarðanir ríkisstjórnarinnar að því er þessi atriði varðar telur minni hluti fjárhags- og viðskiptanefndar óverjandi að auka enn stórkostlega álögur á almennung með hækkun söluskatts, og leggur því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 5. sept. 1974.

Karvel Pálmason,
frsm.

Gils Guðmundsson.